



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2024

SPÆN1AA05

Byrjunaráfangi 1 í spænsku

Kennari: Sigríður Guðmundsdóttir	Sk.st.	SGU
---	---------------	------------

Áfangalýsing:

Þar sem þetta er byrjunaráfangi, er megináhersla lögð á að nemendur tileinki sér undirstöðuatriði tungumálsins. Strax frá upphafi eru nemendur þjálfaðir í lestri, tali, hlustun og ritun.

Áhersla er lögð á framburð, uppbyggingu orðaforða, mismunandi málsnið og grunnatriði málfræðinnar. Fléttað er inn í kennsluna menningu spænskumælandi landa. Til að þjálfva ofantalin atriði er meðal annars farið yfir og stuðst við eftirfarandi efnisþætti: kynning á sjálfum sér og öðrum, að kveðja og heilsa, fjölskylda og fjölskyldutengsl, aldur, búseta, starf, þjóðerni, lönd og tungumál, klukka og tímasetningar, tölur og dagar, daglegar athafnir og hús og hífýli.

Undanfari: Enginn.

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- almennum orðaforða námsefnis í samræmi við hæfni- og leikniviðmið þrepsins
- grundvallarþáttum málkerfisins
- einföldum samskiptum og tjáningu í mæltu og rituðu máli, s.s. framburði, hljómfalli,
- einfaldri setningaskipan.
- mannlífi, menningu og siðum í löndum, þar sem tungumálið er talað sem móðurmál/fyrsta mál, og þekkja samskiptavenjur

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- að skilja talað mál um kunnugleg efni þegar talað er skýrt og áheyrilega
- lestri einfaldra texta um kunnuglegt efni og algengan orðaforða sem tengjast námsefninu
- að taka þátt í einföldum samræðum um efni sem hann þekkir eða hefur áhuga á og beita kurteisisvenjum, málvenjum og hljómfalli við hæfi
- að beita orðaforða á skýran hátt hvað varðar málvenjur, framburð, áherslur og hljómfall
- geta sagt á einfaldan hátt frá sjálfum sér, fjölskyldu, heimili, daglegum athöfnum og áhugamálum
- geta ritað stuttan, einfaldan og samfelldan texta í nútíð um efni sem nemandi þekkir eða hefur áhuga á
- að nota upplýsingatækni og hjálpargögn í tungumálanámi.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- greina einfaldar upplýsingar þegar talað er hægt og skýrt
- velja rétt samskiptaform miðað við aðstæður hverju sinni
- átta sig á innihaldi einfaldra texta um kunnuglegt efni
- skipuleggja nám sitt og námsaðferðir
- meta vinnulag og framfarir í áfanganum
- vera meðvitaður um hvaða leiðir nýtast best til að tileinka sér spænska tungu.

Námsefni og gagnlegar vefsíður:

- Nuevo español en marcha, nivel básico A1/A2: lesbók (Libro del alumno) og vinnubók (Cuaderno de ejercicios)
- Verkefnahefti frá kennara
- Þunn plastmappa fyrir ljósrit og verkefni
- A5 eða A4 stílabók
- Náms efni á Innu
- www.snara.is (orðabók á netinu, frír aðgangur á vefsvæði FSu)
- <https://www.wordreference.com/es/en/translation.asp?spen=>
- <https://www.spanishdict.com/>
- Duolingo, Quizlet, Kahoot öppin

Námsmat: Áfanginn er símatsáfangi.

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Hlutapróf	Þrjú skrifleg kaflapróf úr námsefninu (lesskilningur, ritun, orðaforði og málfræði) – Það er SKYLDA að taka kaflaprófin.	50%
Hlustunarpróf	Hlustunarpróf/verkefni – Það er SKYLDA að taka prófin.	10%
Munnleg færni	Munnlegt verkefni/Munnlegt próf (verður tekið í lok annar) – Það er SKYLDA að taka munnlega prófið.	10%
Verkefni	Ýmis verkefni (ritanir, hlustun, munnl. æfingar kvikmyndaverkefni, glósu-/sagnapróf og menningarverkefni)	25%
Annað	Mæting, ástundun og virkni í tímum	5%

Námsmat hefst fimmtudaginn **10. maí** (það er **EKKI** lokapróf í þessum áfanga þar sem þetta er **SÍMATSÁFANGI** en athugið það er gerð krafa um **80% verkefnaskil** og Einnig þurfa nemendur að fá **lágmarkseinkunnir á kaflaprófunum þremur (4,5 meðaleinkunn)**. Námsáætlun þessi getur hæglega breyst t.d. vegna veikinda og er því **sett fram með fyrirvara um breytingar**.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni – viðfangsefni	Próf og verkefni
1	1. – 7. jan.	Kennsla hefst 5. jan. Kynning á áfanga og Námsefni. Farið yfir námsáætlun	Kahoot – eitt og annað um spænsku
2	8. – 14. jan.	Kafli 0 + 1A: Spænskan í heiminum – framburður - að kynna sig og aðra – kyn og tala – að telja upp að 20	INNU-verkefni 1 og Kahoot úr efni vikunnar
3	15. – 21. jan.	Kafli 1B: Starfsheiti – þjóðerni. Regluleg sagnbeyging – AR, ER, IR – óreglulegar sagnir (ser, tener)	Munnl. verkefni 1 (2%) Kahoot úr efni vikunnar
4	22. – 28. jan.	Kafli 1B: Regluleg sagnbeyging – óreglulegar sagnir (ser, tener)	INNU-verkefni 2 og Kahoot úr efni vikunnar
5	29. jan. – 4. feb.	Kafli 1B + 1C: Tölurnar 0-100 – spurningar á spænsku – upprifjun fyrir KP1 og HP1 Námsmat – kaflapróf 1, hlustunarpróf 1	Kaflapróf 1 (10%) Hlustunarpróf 1 (2%) Tölurnar frá 0-20
6	5. – 11. feb.	Kafli 2A: Fjölskyldan – ESTAR – eintala og fleirtala – ákveðinn og óákveðinn greinir	INNU-verkefni 3 og Kahoot úr efni vikunnar
7	12. – 18. feb.	Kafli 2A: Eignarfornöfn – að segja frá fjölskyldunni	Tímaritun 1 – fjölskyldan INNU-verkefni 4 og
8	19. – 25. feb. 19.-20. Vetrarfrí	Kafli 2C: Klukkan – háar tölur - Lokið við yfirferð á kafla 2	INNU-verkefni 5
9	26. feb. – 3. mars Kátir dagar/Flóafár 28. feb. – 1. mars.	Kvikmynd – Encanto sýnd í tíma	Kvikmyndaverkefni
10	4. – 10. mars Áfangamessa 7. Mars Miðannarmat	Upprifjun og undirbúningur fyrir– kaflapróf 2, hlustunarpróf 2	Kaflapróf 2 (15% vægi) Hlustunarpróf 2 (3%)
11	11. – 17. mars Valdagur 13. Mars	Kafli 3A: Afturbeygðar sagnir – að segja frá venjulegum degi, orðaforði.	Tímaritun 2 -INNU-verkefni 7
12	18. – 24. mars Opið hús 19. mars	Kafli 3B: Vikudagarnir og mánuðirnir, hlustun og hljóðbreytingasagnir	Tímaritun 3
13	25. – 31. mars Páskafrí til og með 1.apríl	PÁSKAFRÍ	
14	1. – 7. Apríl	Kafli 3C: Morgunmatur, Kafli 3D	Munnlegt verkefni (2%) INNU-verkefni 9
15	8. – 14. apríl	Kafli 4A og 4B: 4A og 4B: Heimili og húsgögn - raðtölur, að staðsetja fólk og hluti – so. SER, ESTAR og HABER	INNU-verkefni 10 Undirbúningur f/próf
16	15. – 21. apríl	Kafli 4A og 4B: Heimili og húsgögn Ljúkum yfirferð. Undirbúningur f. próf.	Kaflapróf 2 (25% vægi) Hlustunarpróf 3 (5%)
17	22. – 28. apríl Sumard.fyrsti 25. Apríl	Upprifjun f/ kaflapróf 3, hlustunarpróf 3 og munnlegt próf	Munnl. próf (6%) SKRAP/ólókin próf
18	29. apríl – 5. maí Alþj. fríd.Verkafélks 1.maí	Kaflapróf 3, hlustunarpróf 3,	
19	6. – 12. maí Síðasti kennslud 8. Maí	Munnleg próf	
20	13. – 19. maí Námsmat/sjúkrapróf	Birting einkunna	

Sérreglur áfangans:

- Nemendur þurfa að fylgjast með dagskrá komandi viku á Innu og í námsáætlun og bera ábyrgð á því að standa skil á verkefnum á réttum tíma og læra fyrir próf.
- **Ekki er tekið við verkefnum eftir að skilafrestur er liðinn.**
- Ef nemandi er fjarverandi þegar próf er tekið í tíma hefur hann möguleika til að taka það í skriptíma sem kennari mun auglýsa síðar á önninni.
- Nemendur eldri en 20 ára skulu skila öllum verkefnum og prófum eins og aðrir nemendur. Þeir skrifa einnig undir samning við kennara vegna mætingar.
- Snjalltæki og tölvur eru alla jafna notuð og leyfð, nema kennari fari fram á annað.
- Gerð er krafa um **80% skil** á verkefnum (einnig skal aftur tekið fram að **það má ekki sleppa kaflaprófunum, hlustunarprófunum og munnlega prófinu ef standast skal áfangann**). Einnig þurfa nemendur að fá **4,5 í meðaleinkunn** úr kaflaprófunum þremur til að standast áfangann.
- **Allt sem telst svindl á prófum gefur einkunnina 0 í prófinu, sjá. Skólareglur FSu.**
<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/prof>

„Nemendur sem staðnir eru að því að nota óleyfileg gögn eða veita eða þiggja hjálp í prófum, umfram það sem heimilað er, hafa fyrirgert rétti til prófs í viðkomandi áfanga eða öllum prófum á viðkomandi önn skv. nánari ákvörðun skólaráðs. Nemendum er sérstaklega bent á að vera ekki með neitt skrifað í lófa, í pennaveski, á handarbök eða í bækur, sem leyfðar eru í prófum.“

Námsáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Með von um ánægjulegt samstarf,
Sigríður Guðmundsdóttir